

Ályktun um lækkun matvæleverðs

24.10.2006

BSRB fagnar fram komnum tillögum ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að lækka matvæleverð og lýsir vilja til samstarfs um að farsællega takist til um framkvæmdina. BSRB hefur jafnan lagt ríka áherslu að virða beri hagsmuni íslensks landbúnaðar og innlendrar afurðarvinnslu við allar þær kerfisbreytingar sem ráðist er í, en jafnframt vakið athygli á nauðsyn þess að létta álögur á einstaklinga og fjölskyldur með lágar og millitekjur. Lækkun matarverðs er mikilvægt skref í þá átt að skila almenningi kjarabótum.

Framlag mjólkuriðnaðarins með verðstöðvun á mjólkurafurðum til ársloka 2007 er mikilvægt í þessu sambandi. Ríkisstjórnin hefur enn ekki útfært tillögur sínar um lækkun tolla á innfluttum kjötvörum. Þar ber að miða við að veita innlendri framleiðslu heilbriggt aðhald án þess að stefna í hættu matvælaöryggi þjóðarinnar eða ganga of nærri hagsmunum íslenskra bænda og vinnslustöðva. BSRB leggur áherslu á, að náið samráð verði haft við Bændasamtök Íslands og samtök launafólks í þessari vinnu.

Loks verður að stórefla eftirlit með verðmyndun og verðlagningu matvara á næstu mánuðum og misserum til þess að tryggja, að ávinningur þeirra skattalækkana og annarra aðgerða, sem um ræðir, skili sér til almennings í landinu.